Ed. **549. Lög**

um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 6. mai).

1. gr.

Aftan við 34. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er rjett að skipa sjerstakan mann til að hafa yfir-eftirlit með því, að lögum þessum sje hlýtt. Skal hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnum um alt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna. Til ársloka 1931 greiðir ríkissjóður kostnað við yfir-eftirlitið að hálfu og Brunabótafjelag Íslands að hálfu. Eftir það fer um kostnaðinn við eftirlitið eftir samkomulagi á milli ríkisstjórnarinnar og Brunabótafjelagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.